



Dagleg þrif á La Marzocco Linea pb



Freyðikanna fyllt með heitu vatni og 30 ml af mjólkurhreinsivökva. Gufustúturinn settur í freyðikönnuna og hleypt af stútnum þannig að vatnið sjóði og svo er skrúfað snögg fyrir.



Fyllið ílát af 0,5 líter af heitu vatni og setjið eina matskeið af hreinsidufti út í. Greipin tekin úr vélinni og sigtið losað úr og sett ofan í.



Notaður er bursti til að hreinsa sturtuhausinn og taka allt afgang kaffi sem situr þar á og í kring.



Settu lokað sigti í greipina eða notaðu tappa sem lokar sigtinu í greipina, settu tsk af hreinsidufti í og settu svo greipina í vélina.



Til að byrja hreinsunaferlið þá skal halda inni takka T1 og T3 á sama tíma í nokkrar sek, eða þangað til hreinsiprógramm byrjar.



Þegar hreinsiprógramm er búið þá tæmum við greipina af afgang hreinsiefni og setjum hana aftur í tóma, núna ætlum við að skola leiðslurnar.



Til að byrja skolumaraferlið þá skal halda inni takka T1 og T3 á sama tíma í nokkrar sek, eða þangað til prógramm byrjar.



Greipin sem var í bleyti, tekin úr og hreinsuð með grófum svamp og þurrkuð.



Gufustúturinn tekin úr hreinsivökva og þrífur vel. Hleyptu af gufu til að losa hreinsiefni sem fór inni stútin.



Takið ristur úr grind og hreinsið.



Þrifið vel bakka undir ristunum, hægt er að taka hann úr og þrifa í vaski. Passið að setja hann rétt í aftur, að gatið fari á réttann stað.



Pússið vélina og þrifið allar slettur og fingraför allan hringinn á vélinni. Þá er vélin tilbúin fyrir næsta dag.